

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli, þriðjudaginn 5. maí 2015 kl: 13,30.

Mættir: Ágúst Ingi Ólafsson, Egill Sigurðsson, Sigfús Davíðsson, Nanna Jónsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Þorgils Torfi Jónsson, Anton Kári Halldórsson, Bjarni Matthíasson, Heimir Hafsteinsson, Ómar Sigurðsson og Guðmundur Einarsson.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fund.

Fundarstjóri var kjörinn Ágúst Ingi Ólafsson og fundarritari Guðmundur Einarsson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjórnar og ársreikningar.
Ágúst Ingi Ólafsson flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2014 og er hún fylgiskjal með fundargerð. Ársreikningur 2014 lagður fram: Rekstrartekjur ársins 2014 námu kr. 89.910.179 og hagnaður ársins nam kr. 14.274.373. Eigið fé í árslok nam kr. 59.732.964 og veltufé frá rekstri nam kr. 20.963.982. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.
2. Ákvörðun um gjaldskrá fyrir aðildarsveitarfélög.
Gjaldskrá 2015 lögð fram og samþykkt samhljóða.
3. Ákvörðun um breytingu á samþykktum samlagsins, ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara sbr. 7. gr. Engar tillögur komu fram.
4. Kosning þriggja manna í framkvæmdastjórn og þriggja til vara.


Í stjórn voru kjörnir:

Ágúst Ingi Ólafsson
Egill Sigurðsson
Sigfús Davíðsson

Í varastjórn voru kjörin:

Ísólfur Gylfi Pálmason
Brynja Jónasdóttir
Ágúst Sigurðsson


5. Kosning löggilts endurskoðanda/endurskoðunarfélags.
Samþykkt var að ráða KPMG áfram til starfans.
6. Önnur mál.
Rætt um afsetningu á seyru. Jökull Helgason sviðsstjóri hjá Borgarbyggð mun aðstoða starfsmenn aðildarsveitarfélaganna við að taka í notkun skráningarkerfi fyrir rotþrær.



151

Rætt um fyrirkomulag á vor og hausthreinsunarátökum og vegum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu. Ákveðið var gefa út fréttabréf í maímánuði til kynningar á starfsemi Sorpstöðvarinnar. Ágúst Sigurðssyni falið að ritstýra fréttabréfinu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 15,10

The image shows several handwritten signatures in blue ink. On the left, there are three distinct signatures stacked vertically. On the right, there are two larger, more complex signatures, one above the other. The ink is a consistent blue color, and the handwriting is cursive and somewhat stylized.